



Umbótaáætlun í kjölfar innra mats í Reykjahliðarskóla fyrir skólaárið 2020-2021

Umbætur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig?	Viðmið um árangur	Mat júní 2021
Stjórnun og fagleg forysta							
Ljúka stefnu/áætlun um samstarf heimilis og skóla	Bæta samvirkni í samstarfi heimila og skóla	Funda með fulltrúum foreldra um drög að endurskoðaðri stefnu	September 2020	Skólastjóri	Mat á starfsáætlun 2021 Sjálfsmatsskýrsla 2021	Stefnu/áætlun um samstarf heimilis og skóla lokið	Lokið
Handbók um öryggi og velferð	Tryggja öryggi og velferð nemenda í Reykjahliðarskóla eins og kostur er	Skólastjóri og starfsfólk ljúki yfirferð á handbók um öryggi og velferð	Ágúst og september 2020	Skólastjóri	Mat á starfsáætlun 2021 Sjálfsmatsskýrsla 2021 Foreldra- og starfmannakönnun 2021	Handbók um öryggi og velferð lokið. 90% foreldra, nemenda og starfsmanna telji nemendur örugga í skólaumhverfinu	Öryggishandbók lokið og langflestir telja að öryggis sé gætt í skólaumhverfinu.
Skýrar áætlanir um verkefni og þróunarstörf sem tilheyra stefnu skólans	Allir hafi vitneskju um framgang verkefna og þróunarstarfa	Verkefnastýring: Skýrar áætlanir, upplýst um framgang verkefna á heimasíðu, mat skv áætlun í lok skólaárs	Áætlanir tilbúnar september 2020	Skólastjóri, verkefnanefndir og ráð	Mat á starfsáætlun 2021	90% foreldra og starfsmanna telja sig geta fylgst vel eða mjög vel með framgangi verkefna og þróunarstarfa	Um 90% foreldra telja sig geta fylgst vel eða mjög vel með framgangi þróunarverkefna. Skv. starfsmannafundum er reglulega fjallað um þróunarverkefni.
Endurskoða skólareglur	Skólareglur séu í samræmi við uppeldisstefnuna Jákvæðan aga	Endurskoða skólareglur og vinna með stefnuna jákvæðan aga - allir hagsmunaaðilar komi að þeirri vinnu	Endurskoðun lokið á vorönn 2021	Skólastjóri og nefnd um jákvæðan aga	Endurmat í starfsáætlun 2021	90% telji vera mjög góð eða góð tengsl milli skólareglna og uppeldisstefnunnar	Skólareglur hafa verið endurskoðaðar með hliðsjón af uppeldisstefnu skólans í samstarfi við fulltrúa allra hagsmunaaðila. Ekki var spurt um tengsl þar sem ekki var búið að ganga frá reglunum þegar kannanir voru gerðar.
Þróun kennsluhátta	Nám skipulagt að stórum hluta í samþættum viðfangsefnum, þvert á námsgreinar	Verkefnastýring og stuðningur við breytta kennsluhætti. Starfsþróun. Sjálfsmat kennara, jafningjamat og leiðsögn skólastjóra í kennslu. Sett séu viðmið um hlutfall kennsluhátta.	Skólaárin 2020 - 2022	Skólastjóri, verkefnisstjóri og kennarar	Mat á starfsáætlun 2021 Starfamannakönnun Starfsmannasamtöl	Sett hafi verið viðmið um hlutfall kennsluhátta vor 2021 Starfsfólk upplifi stuðning við starfsþróun og breytta kennsluhætti (90%)	Ekki hafa verið sett ákveðin viðmið um hlutfall kennsluhátta til framtíðar en gert er ráð fyrir aukinni samþættingu námsgreina og stundatafla næsta skólaárs sett upp m.v. 60% samþættingu. Kennarar upplifa stuðning



Umbótaáætlun í kjölfar innra mats í Reykjahliðarskóla fyrir skólaárið 2020-2021

							við að þróa starfshætti.
Nám og kennsla							
Þróun kennsluhátta	Nám skipulagt að stórum hluta í samþættum viðfangsefnum, þvert á námsgreinum þar sem lykilþættir og grunnþættir menntunar birtast markvisst í námi nemenda. Tryggt sé að nemendur komi að markmiðssetningu eigin náms.	Fram komi í námsvísu hvernig nám er skipulagt með hliðsjón af grunnþáttum menntunar og lykilhæfni. Fram komi hvernig námsaðlögun er háttað, hvernig nemendur fást við krefjandi nám við hæfi, hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað og viðmið um fjölbreytt námsmat	Skólaárin 2020 - 2022 Endurskoðun námsvísa lokið sumar 2022	Skólastjóri, verkefnisstjóri og kennarar	Mat á starfsáætlun 2021 Sjálfsmatsskýrsla 2021 Endurskoðun námsvísa lokið sumar 2022	Viðmið um nám og kennslu lokið vorið 2021 Sett hafi verið viðmið um hutfall kennsluhátta vor 2021	Viðmið um hutfall kennsluhátta hefur aðeins verið sett til næsta skólaárs, samþætting námsgreina 60%.
Skólabragur							
Endurskoða viðbragðsáætlun gegn einelti	Orðalag verði nákvæmara	Starfsmenn yfirfari stefnuna með hliðsjón af reglugerð	Endurskoðun á haustönn 2020	Skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2021	Endurskoðun viðbragðsáætlunar um einelti lokið	Lokið
Virkja formlegt tilkynningablað um einelti	Tilkynningar um einelti berist með formlegum hætti og unnið sé samkvæmt viðbragðsáætlun	Viðbragðsáætlun um einelti sé kynnt og þær leiðir sem fara á við að tilkynna einelti	Haust 2020	Skólastjóri	Foreldra-, nemenda- og starfsmannakönnun á vorönn 2021 Sjálfsmatsskýrsla 2021	90% svarenda þekki viðbragðsáætlun um einelti og veit um formlega leið til að tilkynna grun um einelti	Viðbragðsáætlun var endurskoðuð og sett í kynningarferli. Of margir telja sig ekki þekkja viðbragðsáætlun gegn einelti.
Fjalla um einelti og afleiðingar þess með nemendum	Fyrirbyggja einelti	Virkja uppeldisstefnuna Jákvæðan aga og nýta bekkjarfundi og nemendaping til samræðna um mál sem krefjast úrlausna	Skólaárið 2020 - 2021	Skólastjóri, verkefnisstjórn jákvæðs aga og starfsfólk	Sjálfsmatsskýrsla 2021	Engar vísbendingar verði um að einelti eigi sér stað í skólanum	Vísbendingar koma fram um að nemendur upplifi einelti skv. könnunum en engar tilkynningar hafi borist.
Nemendur vinni að viðfangsefnum sem eflir sjálfstraust þeirra, heilbrigði og velferð	Bæta líðan og sjálfstraust nemenda	Virkja verkfæri heilsueflandi grunnskóla og uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga s.s. nýta bekkjarfundi og nemendaping til samræðna um	Hefst í september 2020	Skólastjóri, nefndir um jákvæðan aga og heilsueflandi skóla, kennarar	Líðankönnun í okt. og mars Sjálfsmatsskýrsla 2021	90% líði vel alls staðar í skólaumhverfinu	Flestum nemendum líður vel í skólanum en auka þarf viðfangsefni sem bætir líðan og sjálfstraust. (Unglingaspjallið,



Umbótaáætlun í kjölfar innra mats í Reykjahliðarskóla fyrir skólaárið 2020-2021

		mál sem krefjast úrlausna - námskeið í náttúrameðferð					Krakkaspjallið)
Innra mat							
Gæta að tengslum hagsmunaðila við fulltrúa í sjálfsmatsteymi og skólráði	Styrkja tengsl, auka þátttöku allra í innra mati á skólastarfinu	Fjölga í sjálfsmatsteymi. Boðleiðir séu skýrar og gætt sé lýðræðislegra verkferla	Ágúst/sept: Í stefnum um nemendalýðræði og samskipti heimili og skóla	Skólastjóri	Spurt í foreldra-, starfsmanna og nemendakönnunum. Sjálfsmatsskýrsla	90% svarenda þekki til innra mats og leiðir til að koma málum á framfæri	Ekki var spurt þar sem samskiptaáætlun við foreldra var ekki tilbúin þegar könnun fór fram.
Skipuleggja betur þátt innra mats í foreldrakönnun	Foreldrar séu spurðir um innra mat	Foreldrakönnun uppfærð	Foreldrakönnun í janúar	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsskýrsla	Spurningar í könnun	Mörgum foreldrum finnst þeir ekki vera þátttakendur í innra mati í skólastarfinu.
Finna leið til að bæta svörum foreldra við foreldrakönnun	Fá fram sjónarmið foreldra til málefna sem snerta skólastarfið	Foreldrar svari rafrænni könnun í tengslum við foreldraviðtöl í skólanum	Skólaárið 2020 - 2021	Matsnefnd	Sjálfsmatsskýrsla	Foreldrar allra barna svari könnun	Nær 90% foreldra svaraði könnun
Nýta fleiri tiltæk matstæki og gagnaöflunarleiðir	Festa innra mat í sessi í skólanum og ná til allra í skólasamfélaginu með viðeigandi leiðum og hvetja til ígrundunar um skólastarfið	Nýta matstæki sem fylgja þeim verkefnum og stefnum sem skólinn tekur þátt í - nemendur taki virkan þátt í innra mati	Skólaárið 2020 - 2021	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsskýrsla	Að ná til 80% foreldra, alls starfsfólks, allra nemenda	Gekk vel að nýta fjölbreytt gögn og nemendur og foreldrar tóku þátt fjölbreyttari mati en áður
Ljúka viðmiðum fyrir nám og kennslu og stjórnun og faglega forystu	Viðmið um alla þætti innra mats séu skýr	Ljúka viðmiðum	Skólaárið 2020 - 2021 Byrja á stjórnun og faglegri forystu í ágúst	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsskýrsla	Viðmið fyrir stjórnun og faglega forystu tilbúin í september - Viðmið fyrir nám og kennslu tilbúin vor 2021	Viðmið um stjórnun og faglega forystu tilbúin í ágúst en vantar enn að yfirfara viðmið um nám og kennslu.
Aðlaga gæðaviðmið um innra mat betur að skólanum	Endurskoðun á viðmiðum um innra mat	Endurskoðuð viðmið	Janúar 2021	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsskýrsla	Viðmið tilbúin	Endurskoðun viðmiða um innra mat er ekki lokið.
Gera mat á stefnu skólans	Reglulegt mat á stefnu skólans. Samanburður á stefnu skólans og stefnu sveitarfélagsins.	Yfirfara stefnur	Febrúar/mars	Sjálfsmatsteymi og kennarar	Sjálfsmatsskýrsla	Endurskoðuð stefna	Stefna skóla og sveitarfélags bornar saman.



Umbótaáætlun í kjölfar innra mats í Reykjalíðarskóla fyrir skólaárið 2020-2021

Mat á kennslu fari fram reglulega yfir skólaárið. Mat fari fram eftir ákveðnum viðmiðum	Auka gæði kennslu, þróun kennsluhátta	Sjálfsmat, jafningjamat og skólastjóramat á kennslu. Kennarar geri samantekt á eigin starfsþróun	Fer fram samkvæmt starfsáætlun	Skólastjóri og kennarar	Mat á starfsáætlun 2021 Sjálfsmatsskýrsla	Viðmið um nám og kennslu	Jafningjamat var gert á kennslu og skólastjóramat skv. gátlista einu sinni. Eigið mat á starfsþróun kennara fór ekki fram með formlegum hætti.
Fjalla um innra mat í starfsmanna-samtölum	Starfsmenn séu spurðir um innra mat	Setja í skipulag um starfsmannasamtöl	Febrúar/mars	Skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla	90% starfsmanna þekkir innra mat skólans og telur sig virka þátttakendur í því	Starfsmenn telja sig þátttakendur í innra mati skólans en bæta þarf samvirkni við matið.